

## Kjarasamningur um lífeyrismál

milli VR annars vegar og Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekenda hins vegar

### 1. grein

Kjarasamningur þessi kemur í stað kjarasamnings aðila um lífeyrismál, dags. 30.12. 1996, og fellur hann niður með gildistöku samnings þessa.

VR, Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda eru aðildarsamtök að Lífeyrissjóði verzlunarmanna og skal það koma fram í grein 2.2 í samþykktum sjóðsins.

### 2. grein

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er skipuð átta fulltrúum sem skipaðir eru til tveggja eða fjögurra ára í senn. VR skipar fjóra, Samtök atvinnulífsins þrjá og Félag atvinnurekenda einn. VR tilnefnir einn varamann fyrir sína stjórnarmenn og að sama skapi tilnefna samtök atvinnurekenda einn varamann hvort fyrir sína stjórnarmenn.

Samtök atvinnurekenda skulu tryggja, við skipun sinna fulltrúa í stjórn sjóðsins, að kynjadreifing stjórnarmanna skipaðra af þeim sé jöfn skv. 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um stjórnarmenn skipaða af VR.

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna skiptir með sér verkum, þó þannig að fulltrúar VR og atvinnurekenda hafi á hendi formennsku til skiptis, tvö ár í senn.

Samningsaðilar skulu ekkert aðhafast sem er til þess fallið að raska þessari skipan stjórnar eða stöðu aðila sem aðildarsamtök að Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

### 3. grein

VR skipar 25 fulltrúa í fulltrúaráð Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, Samtök atvinnulífsins 23 og Félag atvinnurekenda 2.

### 4. grein

Að öðru leyti gilda ákvæði kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um lífeyrismál, dags. 24. apríl 2018. Verði þeim kjarasamningi breytt skulu aðilar þessa samnings staðfesta þær breytingar með sérstöku samkomulagi, en ella verða þær ekki hluti þessa kjarasamnings.

### 5. grein

Það er vilji samningsaðila að samþykktir Lífeyrissjóðs verzlunarmanna taki breytingum í samræmi við framangreind ákvæði og munu þeir beita sér fyrir þeim.

### 6. grein

Ákvæði til bráðabirgða: Stjórnarmenn sem skipaðir hafa verið til þriggja ára skulu sitja út skipunartíma sinn.

### 7. grein


Kjarasamningur þessi gildir frá 1. maí 2018.

Reykjavík 23. apríl 2018

F.h. VR



F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. Félags atvinnurekenda

